

SÍÐAREGLUR

kjörinna fulltrúa í Fjallabyggð

1. gr.

Markmið síðareglanna

Í reglum þessum er skráð og skilgreind sú háttsemi sem kjörnir fulltrúar vilja sýna af sér við öll sín störf. Með kjörnum fulltrúum er í reglum þessum átt við bæjarfulltrúa og alla aðra sem kjörnir eru til setu í nefndum og ráðum Fjallabyggðar, reglurnar ná einnig til áheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Starfsskyldur kjörinna fulltrúa

Kjörnir fulltrúar gegna störfum sínum af samvirkusemi og heiðarleika. Í störfum sínum er kjörinn fulltrúi bundinn af lögum, reglum og samþykktum Fjallabyggðar, sem og sannfæringu sinni.

Kjörnir fulltrúar hafa ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæi í ákvarðanatöku og hafa hagsmuni Fjallabyggðar að leiðarljósi í öllum störfum sínum. Kjörnir fulltrúar hafa eftirlit með rekstri Fjallabyggðar og gæta þess að framkvæmd stjórnsýslu og rekstrar sveitarfélagsins sé ávallt í samræmi við þau lög og reglugerðir sem við eiga hverju sinni.

Kjörnum fulltrúum ber að virða trúnaðarskyldu sína gagnvart málum sem samkvæmt lögum krefjast þagmælsku. Í öðrum málum skulu þeir starfa fyrir opnum tjöldum og vera reiðubúnir að svara fyrir verk sín. Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Fjallabyggðar og á öðrum lokuðum fundum sem varða störf þeirra í bæjarstjórn, sem og um innihald skjala eða annarra gagna, sem þeir fá aðgang að vegna starfa sinna og trúnaður skal vera um. Trúnaðurinn helst áfram eftir að kjörnir fulltrúar láta af störfum.

3. gr.

Valdmörk

Kjörnir fulltrúar gæta þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virða verkaskiptingu í stjórnkerfi Fjallabyggðar. Þeir sýna störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Fjallabyggðar virðingu í ræðu, riti og framkomu. Kjörnir fulltrúar hlutast ekki til um að starfsmenn geri neitt það sem hefur þann tilgang að verða kjörnum fulltrúum á beinan eða óbeinan hátt til persónulegs ávinnings, né heldur aðila nátengdum þeim eða ákveðnum hópum eða fyrirtækjum, sem þeir tengjast.

4. gr.

Hagsmunaárekstrar

Kjörnir fulltrúar forðast hagsmunaárekstra í störfum sínum og vekja athygli á því ef hættu er á slíkum árekstrum. Á þetta einnig við ef þær breytingar verða á högum kjörins fulltrúa, að valdið gætu slíkum hagsmunaárekstrum.

Um hæfi þeirra við meðferð einstakra mála fer eftir samþykktum um stjórn Fjallabyggðar.

Kjörnir fulltrúar nýta sér ekki stöðu sína í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax eða síðar, þ.m.t. eftir að störfum fyrir Fjallabyggð lýkur.

APS

TRÉ

SA'

LS

SA

PS

SGT

5. gr.

Gjafir og fríðindi

Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim, er leita eftir þjónustu Fjallabyggðar, ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.

6. gr.

Ábyrgð í fjármálum

Kjörnum fulltrúum ber að virða fjárhagsáætlun og grundvallarreglur um fjármálastjórn sem tryggja réttmæta og ábyrga meðferð á almannafé. Við störf sín skulu kjörnir fulltrúar ekki aðhafast neitt sem getur falið í sér misnotkun á almannafé.

7. gr.

Stöðuveitingar

Kjörnir fulltrúar gæta þess að við stöðuveitingar hjá Fjallabyggð sé í hvívetna fylgt lögum og reglum og að einungis liggi málefnalegar forsendur að baki vali á starfsmönnum.


8. gr.

Miðlun siðareglna til kjörinna fulltrúa, embættismanna og almennings

Kjörnum fulltrúum ber að tileinka sér siðareglurnar og lýsa því yfir að þeir séu reiðubúnir til að hafa þær að leiðarljósi í störfum sínum. Þeir skulu og staðfesta þann vilja með undirskrift sinni í upphafi hvers kjörtímabils. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu Fjallabyggðar og annan þann hátt sem sveitarstjórn ákveður til að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.

Samþykkt á 226. fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar 8. febrúar 2023.

Samþykkt á 200. fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar 14. apríl 2021.




Arnar Þór Stefánsson



Guðjón M. Ólafsson



Helgi Jóhannsson



S. Guðrún Hauksdóttir

APB

THE
PB
SUT

Sæbjörg Agústsð.

Sæbjörg Agústsdóttir

Tómas B.

Tómas Atli Einarsson

Þorgeir Bjarnason

Þorgeir Bjarnason

Sts
Gert
H. Agústs